

# ÓPIÐ BRÉF RÍKISSTJÓRA ÍSLANDS

um þingslit.

100

9. júlí

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* að ég hef ákveðið, að aukafundi Alþingis, 57. löggjafarþingi, skuli slitið fimmtudaginn 10. júlí 1941, eða síðar, ef fundir dragast.

Mun ég því slíta Alþingi þann dag, sem fundum er lokið.

*Gjört í Reykjavík, 9. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## AUGLÝSING

101

15. júlí

um staðfestingu ríkisstjóra Íslands á þingsályktun 10. júlí 1941,  
um hvernd Íslands.

Á fundi ríkisráðs þann 10. júlí 1941 staðfesti ríkisstjóri Íslands þingsályktun gerða sama dag um, að Bandaríkjun Norður-Ameríku sé falin hvernd Íslands, meðan núverandi styrjöld stendur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Forsætisráðherrann, 15. júlí 1941.*

**Hermann Jónasson.**

## BRÁÐABIRGÐALÖG

102

18. júlí

um viðauka við lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27  
13. janúar 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta, hafi í sér fólgnar ýmsar breytingar, er ekki þola bið, þar á meðal heimild fyrir félögin til þess að tryggja veiðarfæri og til þess að tryggja báta fyrir stríðs-slysum.

Þar sem ekkert gildistökuákvæði er í lögum þessum, og þau öðlast því ekki gildi fyrr en 12 vikum eftir birtingu þeirra í Stjórnartíðindunum, telur atvinnumálaráðherra nauðsyn bera til að með bráðabirgðalögum verði ákveðið, að framangreind lög skuli öðlast gildi þegar í stað.

102  
18. júlí

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt, að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Lög nr. 38 27. júní 1941, um breytingar á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta, skulu öðlast gildi nú þegar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 18. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

103  
18. júlí

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að hann telji, að nauðsyn beri til, að honum verði veitt sams konar heimild og veitt var með bráðabirgðalögum frá 5. júlí 1940 til þess að leyfa íslenskum ríkisborgurum að leigja norsk fiskiskip til síldveiða á þessu sumri og að norsk skipshöfn verði á skipum þessum.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

2. málsg. 1. gr. laganna nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi, orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt íslenskum ríkisborgurum eða félögum, sem fullnægja skilyrðum 11. gr. framangreindra laga nr. 33 1922, leyfi til þess að leigja erlend skip til síldveiða í landhelgi hér við land sumarið 1941, og til að hafa erlenda skipshöfn á skipum þessum ef með þarf.

Framangreint leyfi skal bundið við hvert einstakt skip fyrir sig og skal það því aðeins veitt, að leyfisbeiðni fylgi yfirlýsing frá innlendri síldarverksmiðju um, að hún muni taka til vinnslu bræðslusíldarafla skipsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. júlí 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*